

REGLUGERÐ

um róðrartíma fiskibáta.

1. gr.

Bátar, sem til fiskjar sækja frá veiðistöðvum við sunnan- og innanverðan Faxaflóa og leggja lóðir sínar vestur af Garðskaga í Miðnessjó, skulu leggja út á miðin á sama tíma, frá stað þeim, sem ákveðinn er í 2. gr. og á þeim tíma, sem ákveðinn er í 3. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Brottfararstaður báta þeirra, sem um getur í 1. gr., skal vera sem næst 22°48' v. og 64°04' n.br. Á þeim stað skal jafnan vera eftirlitsskip þegar róið er á þau mið, sem um getur í 1. gr., nema óviðráðanleg atvik hamlí. Skal skipið hafa ljósmerki. Heimilt skal skipstjóra eftirlitsskipsins að ákveða annan stað, ef honum þykir hentara, en leita skal hann fyrst samþykkis eftirlitsmanna þeirra, er um getur í 2. gr. laga frá 12. janúar 1945, um róðrartíma fiskibáta.

3. gr.

Brottfarartími bátanna frá eftirlitsskipinu skal vera sem hér segir:

Í janúarmánuði	kl. 2.00
Í febrúarmánuði	— 1.00
Frá 1.—15. marz	— 24.00
— 16.—31. marz	— 23.00
— 1.—10. apríl	— 22.00
— 11.—20. apríl	— 21.00
— 21.—30. apríl	— 20.00
— 1.—20. maí	— 19.00

Þegar hinn tiltekni tími er kominn, skal gefa ljósmerki af eftirlitsskipinu, er sé svo greinilegt, að það sjáist af öllum þeim bátum, sem komnir eru á brottfararstað. Er bátum óheimilt að leggja af stað frá eftirlitsskipinu fyrr en merki hefur verið gefið. Komi bátur að eftirlitsskipinu eftir að brottfararmerki hefur verið gefið, er honum heimilt að halda áfram án viðkomu við eftirlitsskipið. Geti eftirlitsskipið ekki komizt á brottfararstað, skulu eftirlitsmenn í Sandgerði sjá um, að brottfararmerki sé gefið, en forfallist þeir, þá eftirlitsmenn í Keflavík.

4. gr.

Náin samvinna skal vera á milli skipstjóra á eftirlitsskipinu og eftirlitsmanna um alla framkvæmd reglugerðar þessarar, svo sem um ákvörðun ljósmerkja o. fl.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 500.00—5000.00. Ítrekað brot getur varðað missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. — Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um róðrartíma fiskibáta frá 12. janúar 1945 til að öðlast þegar gildi og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. janúar 1945.

Áki Jakobsson,

Gunnl. E. Briem.